

Guðbjörn Jónsson



Sjávarútvegsráðherra
Hr. Sigurður Ingi Jóhannsson

ERINDI: Umræðan um veiðigjöldin.

Sæll og blessaður og til hamingju með þitt mikilvæga hlutverk í okkar þágu.

Pegar löggin um veiðigjald voru til afgreiðslu á Alþingi, árið 2012, gerði ég margar athugasemdir við frumvarpið. Því miður sýna löggin að EKKERT mark var tekið á aðfinnslum mínum þó þær væru allar beinar ábendingar um hvað væri ekki hægt að setja í lög.

Í hugmyndafræðinni um veiðigjöld er gerð sú meginskyssa að láta ríkissjóð vera í fyrsta áhættusæti vegna skerðinga á greiðslum fyrir afnot af auðlindinni, með því að greiðslur fyrir auðlindaafnot reiknist út frá auðlindarentu, þ. e. arðsemi starfseminnar að frádregnum öllum kostnaði, bæði reiknuðum og raunverulegum.

Í fyrsta lagi felst í þessari aðferð gífurleg mismunun útgerðaraðila, þar sem þeir sem reka óhagkvæmstu útgerðirnar fá mestan afsláttinn af greiðslu fyrir afnot auðlindarinnar. Þetta er því í raun andstætt megin sjónarmiðum lýðræðis og réttlætis, en við viljum, að ég held, kenna stjórnun þjóðfélags okkar við framangreind hugtök.

Auk þessa er í lögnum mikill fjöldi atriða sem ekki geta átt sér réttlætanlegar forsendur, auk atriða sem Alþingi hefur ekki lögsöguvald yfir, eins og bent verður á hér á eftir. En lítum nú á löginn sjálf.

2. gr. Markmið.

Veiðigjöld eru lögð á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild hlutdeild í þeim arði sem nýting sjávarauðlinda skapar.

Í þessari upptalningu finnst mér vera einhverskonar afsökunartónn sem setur Alþingi í hálfgerð betlarasæti gagnvart útgerðarfyrirtækjum. Þetta segir: >Þið sjáið það nú sjálfir að við ætlum fyrst og fremst að nota þessa aura sem við tökum af ykkur, til að borga kostnaðinn sem þið valdið með veiðunum.< Auðlindagjald á **alls ekki** að vera afgangsstærð rekstrarmóðels (renta), ÞVÍ SLÍKT ER MISMUNUN SEM TELJA VERÐUR ÓHEIMILA samkvæmt stjórnarskrá. Einnig felst í þessari framkvæmd bein ríkisaðstoð við útgjaldafrek útgerðarfyrirtæki. Ríkisaðstoð sem einnig mun vera óheimil samkvæmt EES samningnum.

Markmið auðlindagjalds á einfaldlega að vera greiðsla tiltekins hundraðshluta af löndunarvirði afla, hlutfall sem fiskkaupandi greiðsir til ríkissjóðs við hverja löndun. Hlutfallið þarf ekki endilega að vera hátt, en það kemur jafnt niður á alla, hvort sem menn nota 2 milljónir, 20 milljónir, 200 milljónir eða 2.000 milljónir til fjárfestinga í veiðitækjum. Slíkt er val hvers og eins, tekið á eigin ábyrgð en ekki þjóðarinnar. Veiðigjaldið er sama hundraðshlutfall löndunarvirðis gagnvart öllum aðilum.

3. gr. Skilgreiningar.

*Í lögum þessum hafa hugtökin **aflahlutdeild**, aflamark, fiskveiðiár, veiðiheimild, þorskígildi og þorskígildisstuðull þá merkingu sem í þau er lögð í lögum um stjórn fiskveiða. Eftirtalin hugtök hafa þessa merkingu í lögum þessum:*

Ég hef mörgum sinnum bent á að hugtakið “**Aflahlutdeild**” á sér engar lagaforsendur. Aldrei hefur verið sett í lög hvernig þessi umrædda hlutdeild skuli búin til, út frá hvaða forsendum hún sé fundin, hvernig skip ávinni sér slíka hlutdeild, til hve langs tíma slík hlutdeild skuli standa og með hvaða hætti slík hlutdeild er felld niður t. d. vegna þess að handhafi hlutdeildarinnar hafi ítrekað brotið af sér gagnvart veiðireglum eða að stjórnvöld taki ákvörðun um breytingar.

Eins og staðan er nú, er þetta hugtak sem notað er til einskona eignarréttar tiltekinna útgerða (skipa) á tilteknu hlutfalli í þeim heildarafla sem heimilt er að veiða á hverju ári. Það eru því gífurlega miklir hagsmunir sem felast í hugtakinu “aflahlutdeild”. Því er með öllu óásættanlegt að enginn lagagrundvöllur sé til um tilurð, ávinnslu, réttindi eða réttindamissi gagnvart þessu hugtaki. Meðan engin lög eru um hugtakið er það fullkomlega ólöglegt. Réttarstöðu eiganda auðlindarinnar er t. d. hvergi að finna innan notkunarreglna þessa hugstaks, eins og það er notað í dag. Nokkuð merkilegt þegar þess er gætt að þeir sem setja reglurnar, eru réttargæsluaðilar þjóðarheildarinnar.

VEIÐIGJALD! Er í eðli sínu gjald fyrir veiði og veiðiréttindi. Gjaldið hlýtur að eiga að miðast við notkun auðlindarinnar sem gjaldtakan er grundvölluð á. Um langa hríð hefur meginkrafta sjómanna og fiskkaupenda verið sú að fullkomin skil væru á milli útgerðar og veiða annars vegar og fiskvinnslu hins vegar. Það er því þvert á baráttumál þessara aðila að tengja fiskvinnsluna með beinum hætti við afkomugrunn útgerða, með því að samreikna rentu þessara tveggja þátta.

Fiskvinnslan kaupir hráefni sitt af útgerðum, beint eða í gegnum Fíkmarkaði. Meginmarkmiðið hefur lengi verið að fiskvinnsla og útgerð verði ekki rekin á sömu kennitölu. Spurningamerki er ævinlega uppi um löndunarvirði fiskiskipa, reki fiskvinnsla á sömu kennitölu útgerð. Til að gera skýr og ótvíræð skil milli kaupanda og seljanda er mikilvægt að aðskilnaður sé ótvíræður.

Lítum næst á 4. gr. laga um veiðigjöld. Þessi grein er nokkuð langur texti og verður því einungis tekin yfir í bréf þetta þau atriði sem skoðuð eru.

4. gr. Veiðigjaldsnefnd.

*1. mgr. Ráðherra skipar þrjá menn og aðra þrjá til vara í nefnd til fimm ára í **senn til að ákvarða sérstakt veiðigjald**, sbr. 9. gr., og gera tillögur um lækkun sérstaks veiðigjalds eða undanþágur frá greiðsluskyldu þess, sbr. 3. mgr. 9. gr. Nefndin skal skipuð mönnum sem hafa þekkingu á sviði hagfræði, sjávarútvegs mála og reikningshalds.*

Þarna er kveðið skýrt að orði. Ráðherranefnd þessi skal **ákvarða sérstakt veiðigjald**. Í þessu tilfelli þarf að líta til þess að hið sérstaka veiðigjald er ekki beint nýtingagjald fyrir auðind þjóðarinnar, heldur einskona SKATTUR sem reiknaður er út samkvæmt tilteknum reglum um hagnað útgerðanna sem veiðarnar stunda. Og til að léttja þeim róðurinn verður líka lagt veiðigjald á fiskvinnslurnar líka.

Hæfi nefndarmanna er sérstaklega áréttað í síðasta málslið 1. mgr. 4. gr. en þar segir: *Nefndin skal skipuð mönnum sem hafa þekkingu á sviði hagfræði, sjávarútvegs mála og reikningshalds.* Athygli er vakin á þessu í ljósi þess sem fram kemur á eftir varðandi 5. gr. laganna.

2. mgr. Ráðherra skal birta fjárhæð sérstaks og almenns veiðigjalds fyrir komandi fiskveiðiár með reglugerð fyrir 15. júlí ár hvert.

Þessi setning í 2. mgr. 4. gr. laga um Veiðigjöld, staðfesta á áberandi hátt að þeir sem sömdu lagatextann höfðu ekki vit á þeim málefnum sem þeir voru að semja lagagrundvöll fyrir. Skal það nú skýrt hér aðeins nánar.

Grundvöll til útreiknings Rentu skal fá úr rekstrartekjum og rekstrargjöldum ársins á undan. Síðustu skil endurskoðenda lögaðila (sem flestar útgerðir eru) á skattframtölum ársins á undan er 10. september ár hvert. Á þeim tíma eða skömmu síðar, munu fyrst liggja fyrir endanlegar upplýsingar um forsendur til útreiknings Rentu, til álagningar Sérstaks veiðigjalds, sem ráðherra átti að birta *með reglugerð fyrir 15. júlí ár hvert.*

Eins og þarna sést er það fyrst undir lok september ár hvert sem væntanleg veiðigjaldsnefnd fær endanlegar forsendur fyrir afkomu hveggjar útgerðar fyrir sig. Þá væri eftir að smala saman öllum rekstrareikningum útgerða og fiskvinnslna, allt í kringum landið, og reikna út meðaltalstölu Rentu, sem síðan ætti að verða grundvöllur veiðigjalds. Líklega mundi ég telja að reiknuð Renta yrði tilbúin til ákvörðunar veiðigjald í lok ársins eða í upphafi annars árs frá lokum þess fiskveiðiárs sem er til grundvallar útreiknings Auðlindarentu. Hér er því ekki verið að tala um skattgreiðslu ári eftir tekjuöflun. Hér er verið að tala um greiðslu þessarar skattlagningar TVEIMUR ÁRUM EFTIR TEKJUÖFLUN. Ég leyfi mér að draga verulega í efa að afturvirk skattlagning, tvö ár aftur í tímann, mundi standast fyrir dómstólum.

Í 3. mgr. 4. gr. segir að: *Ráðherra skal gera þjónustusamninga, um öflun og úrvinnslu upplýsinga um rekstur og afkomu veiða og vinnslu sem veiðigjaldsnefnd þarf til að sinna hlutverki sínu, við embætti ríkisskattstjóra, Fiskistofu og Hagstofu Íslands að teknu tilliti til verkefna þessara stofnana og þeirra lagaákvæða og starfsreglna sem um starfssemi þeirra gilda að öðru leyti.*

Þetta er enn ein orðaröðunin sem bendir glögglega til þess að verkþekking hafi verið afar tökmörkuð hjá lagasmíðunum. Þarna segir að *Ráðherra skal gera þjónustusamninga, um öflun og úrvinnslu upplýsinga um rekstur og afkomu veiða og vinnslu.* Ég vek hins vegar athygli á því að HVERGI Í LÖGUNUM er að finna nauðsynlegar lagareglur um öflun upplýsinga, engar lagareglur um hvernig skuli unnið úr fengnum upplýsingum eða hvernig niðurstöður skuli vera settar fram.

Um hvað á sá þjónustusamningur að vera sem lögin kveða á um að ráðherra skuli gera. Athygli vekur að Veiðigjaldsnefnd er bara ein **og henni einni** ætlað að taka saman forsendur til að **ákvarða sérstakt veiðigjald.** Miðað við forsendur laganna, um eina veiðigjaldsnefnd er algjörlega óútskýrt hvers vegna talað er um í fleirtölu, þá þjónustusamninga sem ráðherra þurfi að gera.

Í 5. mgr. 4. gr. Veiðigjaldslaga segir að: *Áður en veiðigjaldsnefnd ákvarðar sérstakt veiðigjald skal hún leita álits samráðsnefndar um veiðigjöld um fyrirhugaða mákvörðun sína.* Sú samráðsnefnd er tilgreind í 5. gr. laganna og hljóðar svo:

5. gr. Samráðsnefnd um veiðigjöld.

*Alþingi kys nefnd **fimm þingmanna** til að fjalla um fyrirhugaðar ákvarðanir veiðigjaldsnefndar um sérstakt veiðigjald.*

Af hverju FIMM ÞINGMENN??? Þegar lagagrunnur ákvörðunar Veiðigjaldsnefndar er skoðaður sést að lögin fá nefndinni **engin bein fyrirmæli** um hvernig skuli byggja upp

niðurstöðu um ákvörðun Auðlindarentu. Niðurstaðan um ákvörðun sérstaks veiðigjalds verður því einungis **persónuleg ákvörðun þeirra þriggja manna** sem kosnir voru til setu í Veiðigjaldsnefndinni. Til að slík ákvörðun fái lagagildi, samanber 40. gr. stjórnarskrár, um að *“Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum.”* gerir það að verkum að FIMM ÞINGMENN geta ekki veitt ákvörðun veiðigjaldsnefndar lagagildi. Til slíks þarf löglega afgreiðslu Alþingis samkvæmt þingsköpum.

Hér erum við komin í II. kafla laganna sem nefnist Gjaldtaka og hefst hann á 6. gr. laganna. Þar segir svo:

6. gr. Gjaldskyldir aðilar.

Gjaldskyldir aðilar eru einstaklingar og lögaðilar sem fá úthlutað aflamarki, öðrum aflaheimildum eða landa afla á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

Ekki verður betur séð en þarna hafi höfundar lagatextans ekki áttað sig á þeirri tvöföldu innheimtu sem gæti falist í texta 6. gr. laganna. Gjaldstofn gæti myndast út frá úthlutaðum aflaheimildum. Þær aflaheimildir gætu verið seldar kvótalausum bát, sem yrði svo greiðsluskyldur veiðigjalds á grundvelli landaðs afla. **Ef gjaldskylda yrði einungis út frá lönduðum afla, en ekki úthlutaðum aflaheimildum væri svona tvöföldun í gjaldtöku ekki til staðar.**

Vandséð er einnig hvernig íslensk stjórnvöld geta löglega krafist veiðigjalds af afla sem keyptur er af erlendum skipum, sem veiddi í lögsögu annars ríkis, eða fiskurinn fluttur inn frá skipum sem veiddu aflanna í lögsögu annarra ríkja. Ísland hefur ekki réttarstöðu til innheimtu veiðigjalds af slíkum afurðum, enda kemur fram í lokamálslið 7. gr. að: *Afli veiddur utan fiskveiðilandhelgi Íslands sem ekki fellur undir samninga við önnur ríki telst þó ekki gjaldstofn sérstaks veiðigjalds.*

Í 9. gr. segir að: *Sérstakt veiðigjald skal vera 65% af stofni til útreiknings á gjaldinu eins og stofninn er skilgreindur í 10. gr. að frádregnu almennu veiðigjaldi skv. 8. gr.* Af þessu að dæma er hið almenna veiðigjald einungis einskona fyrirframgreiðsla því þarna segir skýrt að greitt almennt veiðigjald, kemur til frádráttar hinu sérstaka veiðigjaldi. Þetta er mjög á annan veg en þessar tvær gjaldtökur hafa verið kynntar, að því er ég best veit.

Í 3. mgr. 9. gr. kemur nákvæm staðfesting á því sem ég fjallaði um áðan, varðandi 5. gr. laganna að tillögur eða ákvarðanir veiðigjaldsnefndar hefðu enga lagastöð í raunveruleikanum.. Þetta kemur skýrt fram í 3. mgr 9. gr. en þar segir svo: *Leggi veiðigjaldsnefnd til við ráðherra að hann lækki sérstakt veiðigjald eða veiti undanþágur frá greiðsluskyldu þess skal ráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.*

Þarna kemur það skýrt fram að **veiðigjaldsnefnd hefur ekkert vald til töku lögbundinna ákvarðana** og þar sem í ákvörðuninni felst gjaldtaka er það einungis Alþingi sem hefur heimild til að taka slíkar ákvarðanir.

Ekki er ætlunin hér að kryfja 10. gr. laganna að neinu marki, enda er það um svo miklar þverstæður að ræða að lögfræðilega getur slíkt aldrei gengið upp. Það er t. d. alveg útilokað að unnist gæti dómsmál á hendur **fiskvinnslu** til innheimtu veiðigjalds, þar sem fiskvinnsla veiðir ekki fisk, heldur kaupir fisk af veiðiskipinu, sem greiddi veiðigjald af aflanum sem fiskvinnslan svo keypti. Þessar tvær atvinnugreinar tengjast að vísu í gegnum hráefnið en eru að öllu leyti sjálfstæðar hvor í sínu rekstrarumhverfi. Einungis önnur nýtir gjaldskyldu

auðlindina. Engin haldbær rök eru fyrir því að fiskvinnslan beri sama gjaldstofn, af sama aflamagni sem greitt hefur verið veiðigjald af; þar sem fiskvinnsla kaupir fiskinn beint eða á fiskmarkaði af veiðiskipi.

11. gr. laganna er um margt sérkennileg og er enn eitt dæmið um að lagasmiðir höfðu ekki heildaryfirsýn yfir verkefni sitt. Lítum á fyrstu málsgrein 11. gr.

Renta reiknast sem söluverðmæti afla eða afurða að frádregnum annars vegar rekstrarkostnaði vegna veiða og vinnslu, öðrum en fjármagnskostnaði og afskriftum rekstrarfjármuna, og hins vegar reiknaðri ávöxtun á verðmæti rekstrarfjármuna.

Með góðum vilja má segja að orðalagið *rekstrarkostnaði vegna veiða og vinnslu* geti átt við skip sem bæði veiða og vinna aflann um borð. Lengra getur þessi texti ekki náð, eins og að framan er getið.

Það vekur hins vegar athygli að hér, í upphafi 11. gr. er tekið til við að undanskilja einstaka útgjaldaliði rekstrarkostnaðar, svo sem: *fjármagnskostnaði og afskriftum rekstrarfjármuna*, hins vegar á að nota tekjuskapandi þætti svo sem: *reiknaðri ávöxtun á verðmæti rekstrarfjármuna*, sem leiða mun til umtalsvert hærri Rentu og þar með veiðigjalds en ella væri.

Það slær mig einhvern veginn að þegar hér var komið, hafi textasmiðir laganna verið búnir að gleyma hvað stóð í 5. tölulið 1. mgr. 3. gr. laganna, en þar stóð þetta:

5. Auðlindarenta (reiknuð renta): Arður sem myndast í atvinnustarfsemi sem byggist á nýtingu náttúruauðlinda umfram rekstrarkostnað og ávöxtun þess fjár sem bundið er í starfseminni sem eðlileg er talin með tilliti til þeirrar áhættu sem í henni felst.

Þess skal getið að 3. gr. laganna heitir SKILGREININGAR og fjallar um hvað tiltekin orð tákni. Eins og sjá má þarna af 5. tölulið 1. mgr. 3. gr. eru **engir undandrættir** frá því að ALLUR rekstrarkostnaður á að reiknast, en ekki undanskilja, *fjármagnskostnaði og afskriftum rekstrarfjármuna*, og brjóta þannig grundvallarreglu bókhalds og reikningsskila.

Í 2. mgr. 11. gr. tekur ekki betra við. Lítum á hvað þar stendur:

Til söluverðmætis afla eða afurða skal telja tekjur af sölu og leigu aflaheimilda. Til rekstrarkostnaðar skal telja niðurfærslu keypra aflaheimilda í samræmi við ákvæði skattalaga.

Mér finnst alltaf athyglisvert þegar **Alþingi sjálf** brýtur þá grundvallarreglu um eignarrétt þjóðar á aflaheimildum, sem skýrt er kveðið á um í 1. gr. laga um fiskveiðistjórnun. **Alþingi sjálf** á að vita að það hafa aldrei samþykkt lög er heimili **SÖLU EÐA LEIGU AFLAHEIMILDA**. Það hlýtur því að flokkast undir algjöran sofandahátt þingmanna að samþykkja í lögum atriði sem brjóta gegn grundvallarreglu eignarréttar, auk 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga. Alþingi hefur í raun ENGA HEIMILD til að telja þjófstolna fjármuni (vegna sölu eða leigu aflaheimilda) til tekna hjá seljanda, nema seljandi hafi fengið **staðfest leyfi Alþingis til sölunnar**.

Sama á við um að til rekstrarkostnaðar skuli teljast andvirði *keypra aflaheimilda*. Þegar eitthvað er keypt, sem **seljandi hefur ekki eignarrétt yfir**, er samkvæmt skilgreiningu laga um PÝFI að ræða **og kaup á þýfi er ekki tekið gilt sem rekstrarkostnaður**.

Niðurlag 2. mgr. 11. gr. er á þá leið að fara skuli með *niðurfærslu keypra aflaheimilda í samræmi við ákvæði skattalaga*. Til öryggis fletti ég í gegnum skattalögin við vinnslu þessa

erindis. Ég hef svo oft áður bent á þá alvarlegu misnotkun á skattalögum sem framin er **við hina ólöglegu sölu eða leigu aflaheimilda** og meðferð kostnaðar af þeim völdum.

Glögglega má sjá að þarna er verið að **misnota 3. tölulið 33. gr. skattalaga** í sambandi við niðurfærslu keyptrar aflaheimilda, en þar segir eftirfarandi.

3. Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptur réttur til nýtingar þeirra.

Þarna er nefnt keyptur réttur til nýtingar *Eyðanlegra náttúruauðæfa*. Fiskistofnar okkar eru nýttir sem **sjálfbær nytjastofn** en ekki *Eyðanleg náttúruauðæfi*.

Samkvæmt bókhaldslögum þarf reikningur vegna bókhaldskyldra kaupa vera gefinn út af **réttum EIGANDA** hins selda eða að seljandi hafi ótvírætt **löglegt umboð** hins rétta eiganda til sölnunnar. Ekkert þessara atriða á við í sambandi við sölu aflaheimilda því samkv. 40. gr. stjórnarskrár má hvorki selja, leigja né láta af hendi varanlegar eignir þjóðarinnar, nema með samþykktum lögum frá Alþingi. Lítum á hvað stendur í 40. gr. stjórnarskrár.


40. gr. Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

Ég hef ekki tölu á því hve oft ég hef bent Alþingi og stjórnvöldum á að fiskistofnar landsins, sem skattayfirvöld telja tæk verðmæti til fyrningar, geta vart annað en talist til **fasteigna landsins**. Ég hef ítrekað bent á þau alvarlegu lagabrot sem framin eru við fiskveiðistjórnun hjá okkur, án þess að hafa fengið annað en opinber ónot og samstillta þöggun að launum. Það segir mér á áberandi hátt hve **lítið vald Alþingis er í raun og veru**, því langt er frá að ég telji allan þann hóp alþingismanna sem erindi mín hafa fengið, vera af **ásetningi að brjóta svo gróflega á réttindum þjóðarinnar** sem framkvæmd fiskveiðistjórnunar er í raun.


Það væri hægt að tína ýmislegt fleira til um ógildandi ákvæði laganna um veiðigjöld nr. 74/2012, en hér læt ég staðar numið. Ég get ekki neitað því að ég ber ofurlitlar væntingar til þeirra kynslóðaskipta sem orðin eru á Alþingi. Að fjárglæfraöflin (*segi þetta af þekkingu því ég var í hagdeild banka*) hafi ekki enn náð að festa krumlur sínar í sjálfstæðri hugsun yngra fólksins, þannig að skynsemi eigi smá möguleika á að komast að við ákvarðanatökur.

Þessar hugrenningar mínar eru ekki algjörlega út í loftið, því bæði eyddi ég tæpum þremur árum í að kynna mér allt sem sagt var og skrifað, á Alþingi, um fiskveiðistjórnun og skrifaði um það bók **sem ENGIN bókabúð þorði að selja**. Ég hef líka kannað rekstur þjóðfélags okkar aftur á 19. öld og er það hreint skelfilegt að sjá hvernig farið hefur verið með sameiginleg verðmæti þjóðarinnar.

Af því línuriti sem er hér við hliðina, má glögglega sjá að engin þörf var á setningu varanlegra aflakvóta í þorski og öðrum botnfiski (bláa línán). Hins vegar sést vel hvernig við ofveiddum síldina (græna línán) og ofveidum nú hvað eftir annað loðnuna (gula línán). Núverandi kvótahafar halda fiskveiðum okkar í algjörrri herkví. Sagnir elstu manna (þegar ég var unglingur) um fiskigengd við landið, komast hvergi nærri þeirri fiskigengd sem búið er að vera hér um marga ára skeið.



Ég ætla að enda þetta á mynd af þeirri vitleysu sem viðgengist hefur í þjóðarbúi okkar undanfarna áratugi. Línurnar sem stíga upp til hægri, eru allar vísitölumælingar okkar. En línurnar sem bugðast eftir botninum eru hinar raunverulegu afkomutölur þjóðarinnar. Þessi mismunur sýnir á áberandi máta snarvitlausar forsendur allra megin vísitalnagrunna okkar. Ástæður þessarar vitleysu verða ekki skýrðar í fáum orðum, en eru greinilega mjög alvarlegar og fyrst og fremst skaðlegar fyrir jafnvægi í rekstri samfélagsins.



Um leið og ég óska stjórnvöldum og nýkjörnu Alþingi velfarnaðar, vænti ég þess að í störfum sínum hugi allir að heildarhagsmunum þjóðarinnar og hverfi frá fyrri sérhagsmunum fjármagnsafla og sértækra fjárglæframanna, svo heiðarleiki og mannvirðing fái aftur að komast á gamalkunnugt stig.

Með virðingu

Reykjavík 22. júní 2013

Guðbjörn Jónsson

Ps. Afrit sent þingmönnum og fjölmiðlum